

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 2000

Nr. 314

660

28. apríl 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Gerðahreppi.

Deiliskipulag ofan Klapparbrautar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 5. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag ofan Klapparbrautar í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis ofan Klapparbrautar og gerir ráð fyrir íbúðabygð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag í Útgarði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 2. febrúar 2000 samþykkt deiliskipulag í Útgarði í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis ofan Garðbrautar, vestan íþróttaleikvangs og gerir ráð fyrir íbúðabygð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag við Silfurtún.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 5. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag við Silfurtún í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Garðbraut, Silfurtúni, Brautarholti, Heiðartúni og gerir ráð fyrir íbúðabygð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gerðahreppi, 28. apríl 2000.

F.h. sveitarstjórnar,

Sigurður Jónsson sveitarstjóri.

Nr. 315

2. maí 2000

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld (sorp-hreinsunar- og sorpförgunargjald), sem innheimt verða með fasteignagjöldum og á sömu gjaldddögum.

2. gr.

Sorphreinsunargjald:

Árlegt gjald kr. 6.000 á íbúð en þar sem lítið sorp er kr. 3.500. Í gjaldinu eru innifaldir 50 pokar.